

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 11.3.2022
UST202203-166/A.B.
10.04.02

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028 -
Íþróttasvæði á Helli**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028 vegna íþróttasvæðis á Helli.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreint er 9 ha íþróttasvæði á Helli og minnkar almenningsgarður sem því nemur.

Auk þess kemur fram að á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir knattspyrnu, frjálsar íþróttir og aðra fjölbreytta aðstöðu fyrir íþróttir, sem getur eftir atvikum verið yfirbyggð. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir byggingum vegna tækja og áhalda til íþróttaiðkunar auk bílastæða, þjónustuhúsa s.s. til sturtu- og búningaaðstöðu og heimilt verður að vera með ljósamöstur.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur